

Foreldrafélagsfundur 20. Nóvember 2025

Mættir: Birgitta, Unnur, Sunna, Kristín, Andrea Ósk, Fanney, Lilja og Svanhvít

Kosið var stjórn: Birgitta var kosin formaður foreldrafélagsins, Sunna gjaldkeri og Unnur var kosin ritari.

Greiðslur: Rætt var um greiðslur en þær eru farnar út sem valgreiðslur og var ákveðið að Lilja og Svanhvít myndu setja út áminningu rétt fyrir mánaðarmót til að minna á.

Jóladagurinn mikli: Það er búið að panta jólasvein fyrir jólaballið. Ákveðið var að foreldrafélagið myndi panta bók sem kæmi frá jólasveininum. Birgitta mun setja inn pöntun fyrir því. Það verða tvær sögur keyptar og reynt að stýra því að systkini fá sitthvora bókina. Leikskólinn mun sjá um að panta mandarínur og rúsínur fyrir jólaballið.

Dagur myrkurs: Ákveðið var að við yrðum í samvinnu við foreldrafélagið með það að bjóða upp á kakó og piparkökur á þeim viðburði. Unnur ætlar að athuga með endurskinsmerki frá slökkviliðinu svo hægt væri að gefa hverju barni endurskinsmerki.